

Sp. 170. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um fræðslu meðal almennings um kynferðismál.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og

hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir. Fræðslan verði á vegum landlæknisembættisins í samráði við menntamálaráðuneytið og stofnanir þess, svo sem skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, Æskulýðsráð ríkisins og Ríkisútvarpið. Gerð skal áætlun um kostnað og miðað við að hefja fræðsluna af fullum krafti á næsta ári.

Greinargerð.

Í maí 1975 voru afgreidd frá Alþingi lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. 2. gr. þeirra laga er svohljóðandi: „Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegum þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerðir.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð.“

Að margra áliti skortir verulega á það nú, hálfu tólfta ári eftir setningu laganna, að þessi lögboðna fræðsla og ráðgjöf sé veitt á viðunandi hátt. Er það þeim mun alvarlegra sem hér er í raun og veru um að ræða grundvöll lagasetningar um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, sem II. og III. kafla laganna, nr. 25/1975, taka til. Enn fremur eru sterkar líkur á að auðveldara hefði verið að hefja útbreiðslu eyðni á Íslandi ef allri fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir væri ekki svo ábótavant sem raun ber vitni.

Einkum er ástæða til að hafa áhyggjur af vanþekkingu unglunga sem að mati félagsráðgjafa og annarra, sem um þessi mál fjalla, virðast afar fáfróðir um kynferðismál og getnaðarvarnir. Má ætla að bein tengsl séu á milli þessarar fáfræði og mikils fjölda þungana meðal íslenskra stúlkna á aldrinum 15–19 ára. Þá virðist enn skorta mjög á að piltum sé ljóst að þeirra er ábyrgðin á afleiðingum samlífs ekki síður en stúlkanna og er brýn nauðsyn að vinna að breyttum viðhorfum hvað það varðar.

Samkvæmt skýrslu landlæknisembættisins um fóstureyðingar árin 1976–83, sem kom út í september 1985, er fæðingartíðni meðal stúlkna undir tvítugu langtum hærri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Vitnað er í tölur frá árinu 1981, en þá voru 49 lifandi fædd börn á hverjar 1000 stúlkur 15–19 ára hér á landi samanborið við 24 börn í Noregi, 17 í Finnlandi og 14 í Danmörku og Svíþjóð. Fæðingartíðnin hefur farið lækkandi í öllum þessum löndum en einna minnst á Íslandi. Þá hefur fóstureyðingum fjölgað í þessum aldurshópi hér á landi á undanförunum árum á sama tíma og þeim hefur fækkað annars staðar á Norðurlöndum. Vert er þó að geta þess að enn eru fóstureyðingar hjá stúlkum undir tvítugu allt að helmingi færri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Allar þessar staðreyndir tala sínu máli.

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið markvisst í öðrum norrænum löndum að fræðslu um kynferðismál, getnaðarvarnir, barneignir og fóstureyðingar og er það áttak talið hafa skilað verulegum árangri í fækkun þungana hjá 15–19 ára stúlkum. Má það vera okkur til hvatningar og eftirbreytni.

Fimmtíu og sjö konur úr öllum stjórnmalaflokkum og ýmsum starfsstéttum mynduðu áhugahóp um þessi efni árið 1983. Þær vöktu athygli á þeim vanefndum sem orðið hafa á framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, og skorðu á ráðamenn mennta- og heilbrigðismála að ráða bót á því ófremdarástandi. Þær lögðu til, að landlæknisembættinu yrði falið að skipuleggja áttak til fræðslu um kynferðismál fyrir almenning, með sérstöku tilliti til unglunga. Þær lögðu einnig til að myndaður yrði sérstakur hópur unglunga til þess að fá viðbrögð þeirra við efni og tillögum og ábendingar frá þeim áður en gengið yrði frá því fræðsluefni sem unglungum væri ætlað.

Hér á eftir fara tillögur þessa áhugahóps um það hvernig að slíkri fræðsluherferð um kynferðismál meðal almennings mætti standa:

1. Gerð verði fræðsluþáttaröð fyrir sjónvarp í 3–4 hlutum, sem fjalli um æxlun, getnaðarvarnir, kynlíf, kynsjúkdóma, rétt til fóstureyðingar og foreldraábyrgð. Þættir þessir verði varðveittir á myndböndum sem Námsgagnastofnun, framhaldsskólar, kynfræðsludeildir og fleiri aðilar, sem við kynfræðslu fást, hafi síðan aðgang að og noti.
2. Landlæknir beiti sér fyrir samstarfi við útvarp (m.a. umsjónarmenn unglingsþátta).
3. Landlæknir láti gera 2–3 sjónvarpsauglýsingar sem hvetji unglinga til að nota getnaðarvarnir. Fjármagn verði veitt til að birta þessar auglýsingar nokkrum sinnum ár hvert.
4. Landlæknir láti hanna 2–3 veggspjöld sem hafa sama markmið og sjónvarpsauglýsingarnar. Þau verði hengd upp í framhaldsskólum, apótekum, læknastofum, heilsugæslustöðvum, æskulýðsmiðstöðvum, íþróttahúsum og öðrum samkomustöðum unglinga.
5. Jafnframt verði gerður upplýsingabæklingur sem beinist að unglingum 15–19 ára og dreifist á sömu stöðum. Í bæklingnum verði unglingar m.a. hvattir til að leita frekari fræðslu hjá kynfræðsludeildum þar sem þær eru.
6. Landlæknir birti auglýsingu á áberandi stað í símaskrá með símanúmeri kynfræðsludeilda og hvatningu til almennings um að leita til hennar.
7. Aðgangur unglinga að getnaðarvörnum verði bættur, t.d. með sjálfsölum á almannafæri.“

Þessar tillögur og viðvörðunarorð kvennanna vöktu athygli og umtal á sínum tíma en annan sýnilegan árangur hefur framtak þeirra ekki enn þá borið. Tvívegis hefur verið reynt að ýta við yfirvöldum menntamála og heilbrigðismála með fyrirspurnum á Alþingi í nóvember 1983 og í nóvember 1985. Þá var lögð fram á 108. löggjafarþingi tillaga til þingsályktunar sams konar og sú sem hér er nú borin fram en hún hlaut ekki afgreiðslu.

Að þessu sinni er um svolitlar áherslubreytingar að ræða. Í fyrsta lagi að megintilgangur kynfræðslu sé ekki aðeins að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir heldur einnig og ekki síður til að hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sá þáttur hefur vitanlega alltaf verið fyrir hendi en hefur nú fengið aukid vægi þar eð sjúkdómurinn eyðni hefur nú haldið innreið sína í landið og helsta vörnin gegn þeim banvæna vágesti er fræðsla og aftur fræðsla sem leiði til aukinnar notkunar getnaðarvarna og gætni í kynlífi.

Í öðru lagi viljum við leggja áherslu á að ekki verði um tímabundið átak að ræða heldur viðvarandi eflingu kynfræðslu og ráðgjafar um kynlíf og getnaðarvarnir. Til þess að svo megi verða þarf að gera áætlun um þessa starfsemi og tryggja til hennar fjármagn.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu að með stórauðkinni fræðslustarfsemi og aðgerðum til aukinnar notkunar getnaðarvarna megi koma í veg fyrir fjölda ótímabærra þungana og þar með fóstureyðinga og barnsfæðinga hjá kornungum stúlkum. Enn fremur að slík stórauðin fræðslustarfsemi sé algjörlega óhjákvæmilegur liður í baráttunni gegn eyðni.